

Neyðarlínan ohf  
Þórhallur Ólafsson  
Skógarhlíð 14  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 17. maí 2016  
UST201602-296/M.I.K.  
09.07.01

## Efni: Lagning ljósleiðara í Dyrhólaey

Vísað er til erindis Neyðarlínunnar dags. 26. febrúar 2016 þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar til þess að leggja ljósleiðara frá tengiskáp norðvestanvert í eygni, 4 km leið að þjónustuhúsi suðvestanmegin á eygni (Háey).

### Lýsing framkvæmdar:

Ljósleiðarastrengur verður plægður niður og áhersla lögð á að ummerki verði óveruleg og muni hverfa alveg á skömmum tíma. Strengurinn verður lagður með þjóðveginum og að gatnamótum uppá Háey. Þar verður strengurinn lagður að hluta með veginum en síðan beint upp brekku norðan við veginn og að þjónustuhúsinu. Leiðin uppá eyna verður hin sama og ljósleiðari Rarik var lögð á síðasta ári.

### Áhrifamat:

Friðland í Dyrhólaey er friðlýst sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 101/1978. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt í Dyrhólaey án leyfis Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að trufla eða skaða dýralíf á hinu friðlýsta svæði og umferð utan vega bannaður.

Um er að ræða framkvæmd sem Umhverfisstofnun telur litlar líkur á að valdi spjöllum eða raski á svæðinu ef rétt er að verki staðið. Telur stofnunin því litlar líkur á að framkvæmdin muni hafa áhrif á verndargildi Friðlandsins. Umhverfisstofnunin heimilar því fyrir sitt leyti lagningu umrædds ljósleiðara með eftirfarandi skilyrðum:

### Skilyrði:

1. Neyðarlínan setji fram og upplýsi Umhverfisstofnunar áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmdinni og frágangi að henni lokinni. Áætlunin liggi fyrir a.m.k. viku áður en verk hefst.
2. Neyðarlínan upplýsi landverði svæðisins og um upphaf og lok framkvæmda. Sérfræðingur friðlandsins er Jón Björnsson og símanúmer hans er 822-4056.
3. Samráð skal haft við sérfræðing Umhverfisstofnunar á Suðurlandi um lagnaleið, verklag og frágang með tilliti til lágmarkunar á raski og ummerkjum.
4. Neyðarlínan tryggir að lítil sem engin ummerki verði eftir framkvæmdina.
5. Ekki verði framkvæmt á tímabilinu 1. maí til 25. júní vegna fuglavarps í eygni, né ef land er mjög blautt.


**Leyfisgjald:**


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstu náttúruminum sbr. auglýsingar og reglugerðir um friðlýst svæði sbr. 2. mgr 40. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 krónur

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun innheimta kostnað fyrir eftirlit í tengslum við verkið, á meðan það stendur yfir og frágang. Áætlað stofnunin að í það fari 4 klst. Innheimt verður samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar, 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Jón Björnsson  
Sérfræðingur á Suðurlandi